



NEYTENDASTOFA

## Kvörtun Óvissu ehf. yfir framferði forsvarsmanns Óvissuferða ehf.

Ákvörðun nr. 24/2008

### I.

#### Málsmeðferð

##### 1.

Með bréfi Óvissu ehf., dags. 23. apríl 2008, var kvartað yfir framferði forsvarsmanns Óvissuferða ehf., Ævari Sigdórssyni. Telur Óvissa að með því að setja sig í samband við viðskiptamenn Óvissu og halda fram ásökunum um lögbrot Óvissu hafi Ævar f.h. Óvissuferða brotið gegn ákvæðum 5. gr. laga nr. 57/2005.

Í erindi Óvissu er vísað til fjögurra bréfa Óvissuferða:

Tölvupósts, dags. 30. ágúst 2007 frá Óvissuferðum til þeirra sem sjá um auglýsingamál hjá HSÍ. En þar segir m.a.: „[...] ástæða þess að við sendur ykkur þetta erindi er sú, að ákveðið fyrirtæki hefur verið að misnota nafn okkar og valdið með því óþægindum og ruglingi.“

Tölvupósts, dags. 2. mars 2008, frá Óvissuferðum til stjórnar HSÍ. „Ég benti ykkur á að þessi notkun á nafninu Óvissuferðir er ólögleg skv. dómi Neytendastofu. [...] Ég áskil mér allan rétt í því að stefna Handknattleikssambandi Íslands og krefjast skaðabóta ef áfram verður haldið að nota umrædda auglýsingu. Einnig mun ég láta fjarlægja auglýsinguna með aðstoð lögreglu í leik ef þörf krefur. Þessi málaferli hafa staðið í bráðum 8 ár og mér er full alvara í þessu máli, ef einhver skyldi halda annað.“

Tölvupósts, dags. 7. mars 2008, frá Óvissuferðum til Jóhanns Arnar Ólafssonar kynningarstjóra útvarpssviðs 365 miðla hf. „Mig langar fyrir hönd Óvissuferða, að benda þér á ólöglega auglýsingu sem þið hafið uppi um þessar mundir [...] Það er ósk okkar hjá Óvissuferðum, að þið takið ekki þátt í ólöglegu athæfi sem þessu [...] Það þarf ekki að eyða mörgum orðum á orðspor manna sem stunda þann vafasama kennitöluleik sem þarna er í gangi, ásamt að stela nafni fyrirtækis og fara að engu eftir þeim úrskurði sem þeim var birtur. Það er því þínu fyrirtæki ekki sæmandi að taka þátt í slíkri starfsemi.“



Bréfs, dags. 10. mars 2008, frá Óvissuferðum til Dags Sigurðssonar framkvæmdastjóra íþróttafélagsins Vals. „*Notkun á þessari auglýsingu gæti skapað Val skaðabótaskyldu gagnvart Óvissuferðum ehf, þar sem um ólöglega auglýsingu er að ræða og misnotkun á nafni Óvissuferða.*“

## 2.

Erindi Óvissu var sent Óvissuferðum til umsagnar með bréfi Neytendastofu, dags. 29. apríl 2008. Svar barst með bréfi, dags. 7. maí 2008, þar sem því er hafnað að um lögbrot hafi verið að ræða af hálfu Óvissuferða.

Í bréfinu segir að Óvissa hafi misnotað heiti fyrirtækisins og brotið gegn ákvörðun Neytendastofu frá 15. júní 2007. Óvissuferðir hafi gert auglýsendum grein fyrir því að um lögbrot og ólögmetta háttsemi væri að ræða.

## 3.

Með bréfi Neytendastofu, dags. 14. maí 2008, var Óvissu sent bréf Óvissuferða til upplýsinga. Var aðilum málsins jafnframt tilkynnt að gagnaöflun í málinu væri lokið. Með bréfinu fylgdi listi yfir gögn málsins.

## II.

### Niðurstaða

## 1.

Í máli þessu kvartar Óvissa yfir framferði forsvarsmanns Óvissuferða með því að setja sig í samband við viðskiptamenn Óvissu þar sem hann fullyrðir að Óvissa fremji lögbrot. Telur Óvissa að Óvissuferðir hafi með því brotið gegn ákvæðum 5. gr. laga nr. 57/2005. Óvissuferðir hafa hafnað kvörtun Óvissu enda hafi fyrirtækið verið að gæta réttar síns skv. ákvörðun Neytendastofu og gert auglýsendum ljóst að Óvissa væri að brjóta gegn henni.

## 2.

Ákvæði 5. gr. laga nr. 57/2005 hljóðar svo:

*„Óheimilt er að hafast nokkuð það að sem brýtur í bága við góða viðskiptahætti í atvinnustarfsemi eins og þeir eru tíðkaðir eða eitthvað það sem óhæfilegt er gagnvart hagsmunum neytenda.“*

Ákvæðið er almenn vísiregla að því er varðar viðskiptasiðferði og er ætlað að stuðla að góðum siðum í viðskiptum. Af ákvæðinu má ráða að í atvinnustarfsemi verði fyrirtæki og einstaklingar að virða tiltekin siðferðisleg gildi og viðhafa góða viðskiptahætti gagnvart keppinautum sínum



og neytendum. Mat á því hvaða viðskiptahætti skuli viðurkenna og hverja ekki er lagt í hendur Neytendastofu og dómstóla.

Að mati Neytendastofu felur ákvæði 5. gr. það m.a. í sér að fyrirtæki eða einstaklingar í rekstri kasti ekki rýrð á fyrirtæki eða rekstur keppinauta. Bréfasamskipti Óvissuferða við viðskiptamenn Óvissu innhalda fullyrðingar um ólögmeitt atferli Óvissu og hótanir um alvarlegar afleiðingar birtinga auglýsinganna.

Neytendastofa er opinbert stjórnvald sem skv. lögum nr. 57/2005 um eftirlit með óréttmætum viðskiptaháttum og gagnsæi markaðarins hefur m.a. það hlutverk að gæta þess að fyrirtæki viðhafi góða viðskiptahætti og brjóti ekki ákvæði laganna. Með lögnum eru lagðar línur um það hvaða viðskiptahættir eru taldir ásættanlegir og hverjir ekki. Ekki eru tilgreindir þeir viðskiptahættir sem teljast góðir en gera verður ráð fyrir að með hliðsjón af almennum siðferðislegum gildum samfélagsins geti stjórnendur fyrirtækja gert sér grein fyrir því hvaða viðskiptahætti beri að virða. Telji fyrirtæki að keppinautur hafi brotið gegn ákvæðum laga nr. 57/2005 ber að vísa málinu til Neytendastofu eða eftir atvikum dómstóla. Með því að vísa máli til Neytendastofu má vænta þess að viðskiptalegum hagsmunum fyrirtækjanna sé ekki raskað meira en nauðsyn krefur.

Með ákvörðun Neytendastofu nr. 13/2007 tók stofnunin ákvörðun um að Óvissu væri óheimilt að auglýsa starfsemi sína með sérheitinu Óvissuferðir og Óvissuferðir.is. Í lögum nr. 57/2005 eru Neytendastofu falin ýmis úrræði fari fyrirtæki ekki að ákvörðun stofnunarinnar. Telji Óvissuferðir að Óvissa hafi brotið gegn ákvörðun Neytendastofu nr. 13/2007 ber slíkum ábendingum að beina til stofnunarinnar sem tekur ákvörðun um hvort Óvissa hafi brotið gegn ákvörðun stofnunarinnar og hvort leggja beri sektir á fyrirtækið vegna brotsins.

Að öllu framangreindu virtu er það mat Neytendastofu að Óvissuferðir ehf. hafi brotið gegn ákvæðum 5. gr. laga nr. 57/2005 með því að senda tölvupóst og bréf til viðskiptamanna Óvissu með fullyrðingum um lögbrot fyrirtækisins.



### III. Ákvörðunarorð:

„Óvissuferðir ehf., Tröllateig 53, Mosfellsbæ, hafa brotið gegn ákvæðum 5. gr. laga nr. 57/2005 um eftirlit með óréttmætum viðskiptaháttum og gagnsæi markaðarins með því að hafa uppi ummæli um ólöglegt atferli Óvissu ehf. við viðskiptamenn fyrirtækisins;

Í tölvupósti til Handknattleikssambands Íslands, dags. 30. ágúst 2007, með ummælunum:  
*„[...] ástæða þess að við sendur ykkur þetta erindi er sú, að ákveðið fyrirtæki hefur verið að misnota nafn okkar og valdið með því óþægindum og ruglingi.“*

Í tölvupósti til Handknattleikssambands Íslands, dags. 2. mars 2008, með ummælunum:  
*„Ég benti ykkur á að þessi notkun á nafninu Óvissuferðir er ólögleg skv. dómi Neytendastofu. [...] Ég áskil mér allan rétt í því að stefna Handknattleikssambandi Íslands og krefjast skaðabóta ef áfram verður haldið að nota umrædda auglýsingu. Einnig mun ég láta fjarlægja auglýsinguna með aðstoð lögreglu í leik ef þörf krefur. Þessi málaferli hafa staðið í bráðum 8 ár og mér er full alvara í þessu máli, ef einhver skyldi halda annað.“*

Í tölvupósti til 365 miðla hf., dags. 7. mars 2008, með ummælunum:  
*„Mig langar fyrir hönd Óvissuferða, að benda þér á ólöglega auglýsingu sem þið hafið uppi um þessar mundir [...] Það er ósk okkar hjá Óvissuferðum, að þið takið ekki þátt í ólöglegu athæfi sem þessu [...] Það þarf ekki að eyða mörgum orðum á orðspor manna sem stunda þann vafasama kennitöluleik sem þarna er í gangi, ásamt að stela nafni fyrirtækis og fara að engu eftir þeim úrskurði sem þeim var birtur. Það er því þínu fyrirtæki ekki sæmandi að taka þátt í slíkri starfsemi.“*

Með bréfi til íþróttafélagsins Vals, dags. 10. mars 2008, með ummælunum:  
*„Notkun á þessari auglýsingu gæti skapað Val skaðabótaskyldu gagnvart Óvissuferðum ehf, þar sem um ólöglega auglýsingu er að ræða og misnotkun á nafni Óvissuferða.“*

Með vísan til 2. mgr. 16. gr. laga nr. 57/2005 bannar Neytendastofa Óvissuferðum ehf. að viðhafa slíka viðskiptahætti í framtíðinni.“

Neytendastofa, 19. ágúst 2008

Tryggvi Axelsson



Forstjóri

Þórunn Anna Árnadóttir